

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 10. október 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Jóhann R. Kristjánsson. Steinunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Þröstur Helgason var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Ályktun 2017

Ármann Jakobsson lagði fyrir fundinn drög að ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2017. Meginefni hennar er staða tungunnar og ungmennin. Mikilvægt er að hópur ungmenna gleymist ekki í umræðu um stöðu tungunnar og horfur. Farið var yfir drög Ármanns lið fyrir lið. Stjórnin gerði athugasemdir við textann en lýsti almennt yfir ánægju með hann.

### 2. Lokaundirbúningur málrættarþings

Sjá fg. stj. ÍM 4/2017, 2. lið. Farið var yfir lokaundirbúning málrættarþingsins sem verður haldið miðvikudaginn 15. nóvember í Þjóðminjasafninu. Eftirtaldir halda stutt innlegg um ritun: Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Baldur Sigurðsson, Höskuldur Þránínsson, Þórdís Edda Jóhannesdóttir og Eliza Reid. Eliza Reid verður ekki á landinu þennan dag en erindi hennar verður tekið upp fyrir fram og flutt í fjarfundarbúnaði. Hilmar Hilmarsson verður fundarstjóri.

### 3. Viðurkenningar á málrættarþingi í nóvember

Sjá fg. stj. ÍM 7/2017, 4. lið. Rætt var áfram um hugsanlegar viðurkenningar í tengslum við málrættarþingið. Guðrún Kvaran, Ármann Jakobsson og Hilmar Hilmarsson athuga það frekar.

### 4. Fundur með fulltrúum atvinnulífsins

Rætt var um að halda fund með fulltrúum atvinnulífsins í byrjun næsta árs. Ákveðið var að panta fundarherbergi í Safnahúsinu 18. janúar kl. 15–17.

### 5. Enska í starfi Háskóla Íslands

Ábending barst til Íslenskrar málnefndar frá Védísi Ragnheiðardóttur um ofnotkun ensku í starfi Háskóla Íslands. Nefndi hún að Miðstöð framhaldsnáms hefði auglýst dagskrá fyrir kynningardag nýrra doktorsnema og að allar auglýsingar hefðu verið á ensku og ætti það einnig við um skráningarformið og dagskrána. Benti hún jafnframt á málstefnu Háskóla Íslands og hún sendi ábendinguna einnig á Eirík Rögnvaldsson, formann málnefndar Háskóla Íslands.

Ef farið er inn á slóðina, sem send var í bréfinu, kemur í ljós að þessu hefur verið breytt en ákveðið var að formaður skrifaði bréf til rektors Háskóla Íslands og hvetti til að gæta að því að íslenska verði ávallt í fyrsta sæti, sbr. málstefnu Háskóla Íslands og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs.

### 6. Önnur mál

#### a) Fundur norrænu málnefndanna í Árósum

Formaður sagði frá netverksfundi norrænu málnefndanna í Árósum 18.–19. september sl. Á fundinum var m.a. rædd dagskrá næstu ára og samkvæmt henni verður netverksfundur haldinn á Íslandi árið

2021. Formaður greindi einnig frá lærdómsríkum vinnufundi netverksins um málfarsráðgjöf á stafrænum tímum og mismunandi leiðir við að veita málfarsráðgjöf.

*b) Fundur evrópsku málnefndanna í Mannheim*

Árleg ráðstefna á vegum evrópsku málnefndanna EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) var haldin í Mannheim 5.–6. október og var þema hennar „National language institutions and national languages“. Formaður og Ari Páll Kristinsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum voru saman með erindi á ráðstefnunni.

*c) Fundur með Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur*

Formaður og varaformaður héldu fund með Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur, Guðna Olgeirssyni og Svanhildi Sverrisdóttur og ræddu hvað væri fram undan hjá málnefndinni.

*d) Barnabókabíngið*

Sjá fg. stj. ÍM 6/2017, 1. lið. ÍM hafði áætlað að halda málþing í febrúar um lestur ungmenna og skort á bókum fyrir þann aldurshóp. Þar sem komið hefur í ljós að margir hafi efnt til málþinga um sama efni voru umræður um að hætta við málþingið.

Fundi lauk kl. 15:45

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.